

Minnisblað

Um stöðu fjárveitinga til framkvæmda í lok árs 2021



Vegagerðin kynnti áætlun um stöðu fjárveitinga í lok árs 2021 fyrir samgönguráðuneytinu 21. október 2021.

Heildarfjárveitingar til framkvæmda og viðhalds vega árið 2021 eru 33.475 milljónir kr. Innistæða var frá fyrra ári sem nam 3.767 milljónum kr.

Áætlaður bókaður kostnaður við framkvæmdir og viðhald vega árið 2021 er um 31.800 milljónir kr. eða um 95% af fjárveitingum ársins og um 85% af fjárveitingum að teknu tilliti til innistæðu frá fyrra ári. Til samanburðar var hlutfallið um 80% fyrir árin 2019 og 2020.

Ýmsar ástæður er fyrir því að töluverð óvissa er um fjárflæði til framkvæmda í vega- og brúargerð. Um er ræða langan undirbúningstíma með rannsóknnum, hönnun, samningum við landeigendur, útboðsferli og leyfisferli tengdu skipulagi, mati á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfi. Þá er framvinda framkvæmda við vega- og brúargerð verulega háð árstíðum.

Til að mæta því að einstök verkefni hafi komist seinna til framkvæmda en áætlað var, hefur nokkrum verkefnum verið flýtt og má þar nefna að framkvæmt hefur verið um rúmlega 1.000 milljónir kr. umfram fjárveitingar við nýjan Vestfjarðaveg um Dynjandisheiði. Framkvæmdir við breikkun Hringveggar milli Hveragerði og Selfoss eru með áætlaða stöðu um 500 milljónir kr. umfram fjárveitingar um áramót. Þá hefur viðhaldsframkvæmdum verið flýtt sem nemur um 2.200 milljónum kr.

Áætlaður afgangur af fjárveitingum til framkvæmda og viðhalds vega í lok árs 2021 er um 5.400 milljónir kr.

Í þeim verkefnum þar sem fjárveitingar eru ekki fullnýttar um áramót er búið að skuldbinda rúmlega 15.000 milljónir kr. í verksamningum sem munu koma til framkvæmda 2022 og 2023.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu verkefnum.

Vestfjarðavegur um Gufudalssveit er með áætlaða stöðu í lok árs 2.637 milljónir kr. Búið er að skuldbinda þessa upphæð í verksamningum til ársins 2024.

Hringvegur, Fossvellir – Hólmsá. Verkefnið er breikkun Suðurlandsveggar í 4 akreinar auk aðskilnaðar akstursstefna og var verkefninu flýtt um 4-5 ár í fjárfestingaáttaki. Fjárveitingar árin 2020-2021 voru 1.430 milljónir kr. og er áætluð árslokastaða um 1.258 milljónir kr. Verkið var boðið út í byrjun sumars en framkvæmdir hófust ekki fyrr en í nóvember 2021 þar sem tafir urðu á upphafi framkvæmda m.a. vegna kæru á framkvæmdaleyfi. Búið er að skuldbinda rúmlega 800 milljónir kr. í verksamningi og áætlað útboð á áfanga 2 er árið 2022.

Hringvegur um Kjalarnes. Verkefnið er breikkun Vesturlandsvegur í 4 akreinar auk aðskilnaðar akstursstefna á Kjalarnesi. Fjárveitingar árið 2021 voru 1.900 milljónir kr. og er áætluð árslokastaða um 700 milljónir kr. Verkið var boðið út sumarið 2020 með verklokum árið 2023. Búið er að skuldbinda rúmlega 2.500 milljónir kr. í verksamningum. Áætlað er að bjóða næsta áfanga út á árinu 2022.

Hringvegur um Núpsvötn og Hverfisfljót. Verkefnið er hluti af fjárfestingaátaki og felst í byggingu tveggja nýrra brúa í stað einbreiðra brúa á Súlu og Hverfisfljót. Fjárveitingar til verksins árið 2021 voru 1.260 milljónir kr. og áætluð staða verksins um áramót eru 1.000 milljónir kr. Verkefnið var boðið út í byrjun sumars 2021 og verksamningur undirritaður. Búið er að skuldbinda alla fjárveitinguna í verksamningi.

Þverárfjallsvegur og Skagastrandarvegur um Laxá. Verkefninu var flýtt í fjárfestingaátaki um 1 ár. Verkið var boðið út sumarið 2021 en útboðið var kært til kærunefndar útboðsmála. Kærinni var vísað frá og var verksamningur undirritaður í nóvember 2021 og hófust framkvæmdir í kjölfarið. Áætluð staða verksins gagnvart fjárveitingum um áramót er 832 milljónir kr. Búið er að skuldbinda rúmlega 1500 milljónir kr. í verksamningum og verkefnið fullfjármagnað af samgönguáætlun 2022-2023.

Snæfellsnesvegur um Skógarströnd. Um er að ræða rúmlega 5 km langan stofnveg sem leggja skal bundnu slitlagi ásamt byggingu 2 nýja brúa. Verkefnið var boðið út sumarið 2021 en tilboðum var hafnað þar sem þau voru langt yfir kostnaðaráætlun. Verkið var boðið út að nýju um haustið og var verksamningur undirritaður í nóvember. Um er að ræða tveggja ára verkefni og mun því ljúka árið 2023. Áætluð staða verksins gagnvart fjárveitingum um áramót er 575 milljónir kr. en búið er að skuldbinda 970 milljónir kr. í verksamningum til ársins 2023.

Skríð- og Breiðdalsvegur um Gilsá á Völlum. Verkefnið var boðið út sumarið 2021 en engin tilboð bárust. Verkefnið var boðið út að nýju í ágúst 2021 og var verksamningur undirritaður í kjölfarið. Áætluð staða gagnvart fjárveitingum um áramót eru um 450 milljónir kr. en búið er að skuldbinda þær í verksamningum.

Síða 2/3

Vegagerðin

Samtals	Skuldbinding	Gæsla			
		Sum of Staða í upphafi árs	Sum of fjárveiting samtals	Sum of Kostnaður [raun/spá]	Sum of Staða í lok árs
	29.863.200.758	3.767.903.946	33.475.000.000	31.809.887.090	5.483.016.856
Almenn Verkefni Viðhald		-551.011.070	11.790.000.000	13.451.500.000	-2.262.511.070
006025S - Vestfjarðvegur Um Gufudalssve	3.032.000.000	1.342.322.275	2.700.000.000	1.405.000.000	2.637.322.275
0001E12S - Hringvegur Fossvellir-Hólmsá	789.959.500	8.006.974	1.400.000.000	150.000.000	1.258.006.974
0001A311S - Hringv. um Hverfisfl. og Núpsv	1.469.366.785	0	1.260.000.000	260.000.000	1.000.000.000
007401S - Skagastr. v. Hru-Þverárfj. v.	1.539.473.600	7.420.310	1.045.000.000	220.000.000	832.420.310
0001F56S - Hringvegur FS-F6, breikkun	0	204.630.213	1.900.000.000	1.400.000.000	704.630.213
0054221S - Snæf. vegur Ketilst-Dunkárbak	970.002.800	-4.059.358	630.000.000	50.000.000	575.940.642
0001V8S - Hringvegur 1-V8 um Hornafj. fl.	0	-191.097.470	750.000.000	100.000.000	458.902.530
0001T51 - Gilsá á Völlum	676.000.000	-16.408.365	505.000.000	35.000.000	453.591.635
0939011T - Axarvegur, Skriðdalur-Hringv. PPP	0	0	500.000.000	50.000.000	450.000.000
0821021S - Eyjafljóðarbr. vestri [B21-02]	0	80.000.000	380.000.000	80.000.000	380.000.000
000185S - Hringvegur 1-B5 um Jökulsá	734.631.737	316.769.443	670.000.000	730.000.000	256.769.443
009403S - Borgarfjarðarv. Eldar-Steinsv. á	666.366.640	10.001.869	-490.000.000	250.000.000	250.001.869
0041156S - Reykjan. br. Krýsuvík v. Hvassahr.	0	218.128.601	100.000.000	100.000.000	218.128.601
0931022T - Upphéraðsvegur um Áskilíf	204.986.548	0	245.000.000	40.000.000	205.000.000
004004S - Hafnarfj. v. Víðisv. Fjarðarbr.	0	0	210.000.000	100.000.000	200.000.000
061203T - Öryghafnarv. Kollsv.-Hvalli.	875.220.118	9.825.112	50.000.000	350.000.000	-309.825.112
004004S - Hafnarfj. v. Víðisv. Fjarðarbr.	0	-450.000.000	0	0	450.000.000
0001A - Ölfjarmögnuð SGÁ	5.069.186.286	129.458.630	2.150.000.000	2.500.000.000	-479.458.630
0001D6S - Hringvegur 1-D6 Selfoss-Hverag	2.063.000.000	273.042.483	1.050.000.000	2.300.000.000	-976.957.517
006026S - Vestfjarðvegur 60-36 Dýnjandi					31.054.693

